

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### 35. fundur.

að Hlíðavegi 6, 28. mars 2008, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Árni Gunnarsson og Albert Guðmundsson mæta til fundarins.
3. Erindi Vinnumálastofnunar dags. 11. mars v/þjónustusamnings.
4. Fulltrúi á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga 4. apríl n.k.
5. Tillaga frá stjórn Vaxtarsamnings Norðausturlands.
6. Bréf Skipulagsstofnunar dags. 18. mars, þar sem óskað er umsagnar Skútustaðahrepps á tillögu að matsáætlun fyrir háspennulínur frá Kröflu og Peistareykjum að Bakka við Húsavík.
7. Trúnaðarmál.

#### Til kynningar:

Fundargerð hluthafafundar Sorpsamlags Þingeyinga frá 12. mars.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.  
Oddviti setti fund.

- 2. Árni Gunnarsson og Albert Guðmundsson mæta til fundarins.**  
Til fundarins mættu Árni Gunnarsson, Albert Guðmundsson og Björn Stefánsson frá Landsvirkjun. Árni og Albert kynntu þá vinnu sem framundan er vegna væntanlegs umhverfismats fyrir fyrri áfanga að Kröflu II. Björn kynnti djúpborunarholuverkefnið sem fram undan er í Kröflu, en ákveðið hefur verið að fyrsta djúpborunarhola sem boruð verður á Íslandi verði boruð þar. Áætlað er að framkvæmdir hefjist í ágúst.
- 3. Erindi Vinnumálastofnunar dags. 11. mars v/þjónustusamnings.**  
Borist hefur bréf frá Vinnumálastofnun dags. 11. mars, þar sem óskað er eftir áframhaldandi samvinnu við Skútustaðahrepp um þjónustu við atvinnuleitendur á atvinnusvæði sveitarfélagsins á grundvelli meðfylgjandi samnings. Gerðar hafa verið smávægilegar breytingar frá fyrri samningi er lúta að greiðslum fyrir veitta þjónustu og endurskoðun samningsins. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
- 4. Fulltrúi á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga 4. apríl n.k.**  
Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfundinn verður Guðrún María Valgeirsdóttir.
- 5. Tillaga frá stjórn Vaxtarsamnings Norðausturlands.**  
Á fundi stjórnar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sem jafnframt er stjórn Vaxtarsamnings Norðausturlands og haldinn var 12. mars s.l. voru tekin til umræðu næstu skref í framkvæmd samningsins. Á fjárhagsáætlun 2008 er framlag Iðnaðarráðuneytisins 30 millj. kr. Verkefni sem AÞ hefur verið að vinna að og eru þegar fjármögnuð með ýmsum styrkjum eru metin á 15 millj. kr. Þá er og gert ráð fyrir að stærri fyrirtæki sem starfa á svæðinu styrki verkefnið um samtals 10 millj. kr. og unnið verður að gerð þeirra samninga á næstu vikum. Einnig er gert ráð fyrir að sveitarfélögin leggi til verkefnisins 10 millj. kr. á þessu ári. Stjórn VN leggur til að 40% eða 4 milljónir kr. verði greiddar í hlutfalli við íbúafjölda, þar af yrði hlutur Skútustaðahrepps 325 þús. en 60% verði tengt verkefnum sem sveitarfélögin taki þátt í með fyrirtækjum og stofnunum á sínu svæði og fer þá upphæðin eftir fjárhagsáætlun viðkomandi verkefnis.  
Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.
- 6. Bréf Skipulagsstofnunar dags. 18. mars, þar sem óskað er umsagnar Skútustaðahrepps um tillögu að matsáætlun fyrir háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík.**  
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir ekki athugasemdir við tillögur Landsnets að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.
- 7. Trúnaðarmál.**  
Fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki gert.  
Fundu slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.

